

S A M Þ Y K K T

um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, að þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu tveir borgarstjórar settir í Reykjavík. Skal annar fara með fjármál bæjarins og verklegar framkvæmdir, en hinn með menntamál, heilbrigðismál og félagsmál.

2. gr.

Um verkaskiptingu borgarstjóranna gilda eftirfarandi ákvæði:

A. Borgarstjóri fjármála og verklegra framkvæmda:

1. Fjármál bæjarins, þar á meðal tekjustofnar, innheimta bæjargjalda og sjóðir.
2. Bókhald, endurskoðun, hagsýsluskrifstofa.
3. Bæjarstarfsmenn, réttindi og skyldur.
4. Skipulagsmál, byggingarnefndarmál.
5. Verklegar framkvæmdir, þar á meðal gatna- og holræsagerð, byggingar skóla, íbúðarhúsa og sjúkrahúsa, lóðamál, umferðarmál.
6. Fasteignamál.
7. Vatnsveita.
8. Hitaveita.
9. Rafmagnsveita.
10. Bæjarútgerð.
11. Reykjavíkurbíll.
12. Innkaupastofnun bæjarins.
13. Málefni, er varða bæjarfélagið í heild að því leyti, sem þau eru ekki sérstaklega falin borgarstjóra menntamála, félagsmála og heilbrigðismála.

B. Borgarstjóri menntamála, heilbrigðismála og félagsmála:

1. Fræðslumál.
2. Söfn, listir, íþróttamál, skemmtigarðar og leikvöllir.
3. Framkvæmd heilbrigðismála.
4. Hreinlætismál.
5. Sjúkrahús og heilsuvernd.
6. Félagsmál, þar með talin hjúkrunar- og líknarmál, barna- og vistheimili, vinnumiðlun, almannatryggingar og framfærslumál.
7. Húsnæðismál, önnur en íbúðabyggingar.
8. Hagfræðideild, manntalsskrifstofa, kosningar.
9. Brunamál.
10. Húsatryggingar bæjarins.
11. Strætisvagnar Reykjavíkur.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

187

30. nóv.

um hámarkstölu vörubifreiða á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn getur, að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Þjótar og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða á Akranesi, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skv. 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því, er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta bæjarstjórn í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en bæjarstjórn ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka útvegsmanna og vinnuveitenda um málið.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur bæjarstjórn ákvörðun um, hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Vörubílastöð Akraness 1. þess mánaðar. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita bæjarstjórn allar þær upplýsingar, sem bæjarstjórnin telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur bæjarstjórn breytt ákvörðun um hámarkstölu, að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki afgreiðslu á Vörubílastöð Akraness. Ef ágreiningur rís, um hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt reglugerð þessari, sker bæjarráð úr því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnun, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. nóvember 1959.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.